

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

## SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

### 176. FUNDUR.

Árið 2010, fimmtudaginn 9. desember kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 176. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

#### 1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

- a) Fundargerð 669. fundar. 10. nóvember s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- b) Fundargerð 670. fundar 15. nóvember s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- c) Fundargerð 671. fundar 15. nóvember s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- d) Fundargerð 672. fundar 22. nóvember s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- e) Fundargerð 673. fundar 23. nóvember s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- f) Fundargerð 674. fundar 29. nóvember s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- g) Fundargerð 675. fundar 6. desember s.l. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerðir nefnda, oddviti kynnti.**

#### 2. Fundargerð félagsmálaráðs.

Fundargerð 109. fundar félagsmálaráðs frá 26. nóvember s.l. Fundargerð í 5 liðum Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 3. Fundargerð fræðsluráðs.

Fundargerð 117. fundar frá 7. desember s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 4. Fundargerð landbúnaðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 99. fundar frá 8. desember s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 5. Fundargerð menningar-og tómstundaráðs.

- a) Fundargerð 93. fundar frá 15. nóvember s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

## 6. Fundargerð skipulags-og umhverfisráðs.

- a) Fundargerð 190. fundar frá 8. desember s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

## 7. Fjárhagsáætlun ársins 2011 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki, síðari umræða.

Sveitarstjóri og skrifstofustjóri kynntu þær breytingar sem orðið hafa á áætluninni milli umræðna. Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2011 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að fjárhagsáætlunin verði tekin til endurskoðunar að vori og hausti 2011.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi greinargerð frá meirihluta sveitarstjórnar í tengslum við afgreiðslu áætlunarinnar.

### Almennt um gerð fjárhagsáætlunar 2011.

Frá árinu 2008 hefur rekstrarumhverfi sveitarfélaga á Íslandi verið afar óstöðugt og ólíkt næstu árum þar á undan. Öðru fremur eru það áhrif hinnar alþjóðlegu efnahagskreppu sem hefur haft gríðarlega slæm áhrif á rekstur sveitarfélaganna. Ljóst er að næstu tvö ár a.m.k. verða sveitarfélögunum þung í skauti m.a. vegna samdráttar í tekjum hins opinbera og meira atvinnuleysi en áður hefur þekkt. Þrátt fyrir að verðbólga og vaxtastig fari nú ört lækkandi eru aðrar ytri aðstæður óhagstæðar sveitarfélögunum. Þessar aðstæður krefjast þess að rík ábyrgð sé sýnd við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og að fjárhagsáætlun sé í reglulegri endurskoðun. Þess vegna er áformað að fjárhagsáætlun ársins 2011 verði tekin til endurskoðunar að vori og hausti. Mikilvægt er að aðhalds sé gætt í rekstri og ekki sé aukið á skuldsetningu sveitarfélagsins. Hörmuleg áhrif óhóflegrar skuldsetningar fyrirtækja, heimila og sveitarfélaga blasa nú hvarvetna við og því er nauðsynlegt að fram komi að núverandi sveitarstjórn hyggst ekki feta þá braut heldur reyna af fremsta megni að lækka skuldir Húnaþings vestra.

Við þær óvissu aðstæður sem hér hafa verið nefndar vann sveitarstjórn Húnaþings vestra að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011. Fulltrúar í meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar hafa unnið saman að gerð fjárhagsáætlunarinnar fyrir komandi rekstrarár ásamt sveitarstjóra og skrifstofustjóra. Fjárhagsáætlunir einstakra deilda voru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og skal þeim þakkað fyrir einlægan vilja og jákvæðni sem þeir hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill einnig þakka forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins og starfsmönnum fyrir að hafa gætt aðhalds og sparnaðar í rekstri en við þær óvissu aðstæður sem nú eru uppi er slíkt afar mikilvægt.

Í fjárhagsáætlunargerðinni hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra haft það markmið að leiðarljósi að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins og að vernda störf eins og frekast er kostur en jafnframt að ráðast í nokkra fjárfestingu og viðhaldsframkvæmdir. Vissulega er svigrúmið til fjárfestinga takmarkað og því miður hafa afskriftir stofnfjárhluta í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda á þessu ári og hinu síðasta þar verulega neikvæð áhrif.

Þrátt fyrir umtalsverðan tekjusamdrátt frá árinu 2010 gerir fjárhagsáætlun ársins 2011 ekki ráð fyrir hækkun skatta og breytingar á þjónustugjaldskrár eru afar hóflegar.

Í fjárhagsáætlun ársins 2011 kemur fram að ráðist verður í sérstakt átak vegna atvinnu, upplýsinga og ferðamála. Þannig birtist sú áhersla sveitarstjórnarinnar að við þær óvissu aðstæður sem hér hafa verið raktar sé afar mikilvægt að stuðla að öfluggu atvinnulífi og fjölgun atvinnutækifæra. Til að Húnaþing vestra geti staðið undir merki sem fjölskylduvænt samfélag er nauðsynlegt að atvinnulífið standi sterkt og að það eigi vísan stuðning sveitarstjórnarinnar.

Meðal framkvæmda ársins 2011 skal nefna endurbætur á knattspyrnuvelli í Kirkjuhvammi, framkvæmdir á útivistarsvæðum, endurbætur og tækjakaup í þreksal, viðhald gatna og gangstétta svo og almennt viðhald á fasteignum sveitarfélagsins.

### **Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2011.**

#### **Skatttekjur:**

Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fasteignasköttum og lóðarleigu. Fjárhagsáætlun 2011 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi alls 605,3 millj. kr. samanborið við 597,5 millj. kr. í útkomuspá fyrir árið 2010.

#### **Útsvar:**

Álagningarhlutfall útsvars verður óbreytt 13,28% en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Nái þær fram að ganga hækkar útsvarshlutfall um 1,20 prósentustig og verður álagningarhlutfallið þá 14,48% á árinu 2011 en hlutur ríkisins í skatthlutfalli lækkar samsvarandi á móti.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur nemi alls kr. 280,8 millj kr á árinu 2011 samanborið við 276 millj. kr. í útkomuspá ársins 2010.

#### **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:**

Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru áætluð alls 266,6 millj. kr. samanborið við 263,8 millj. kr. í útkomuspá ársins 2010. Ekki er gert ráð fyrir að Húnaþing vestra fái úthlutað sérstöku aukaframlagi frá sjóðnum á árinu 2011.

#### **Fasteignaskattur/lóðarleiga:**

Álagningarhlutfall fasteignaskatts og fasteignatengdra gjalda er óbreytt frá árinu 2010 en lóðarleiga tekur breytingu samkvæmt byggingarvísitölu. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatts og lóðarleigu nema alls kr. 57,9 millj. kr. samanborið við 57,6 millj. kr. á árinu 2010.

#### **Gjaldskrár:**

Þrátt fyrir umtalsverðar verðlagshækkanir á árinu er breytingum á þjónustugjaldskrár stillt mjög í hof í fjárhagsáætlun ársins 2011.

Þjónustugjaldskrár hækka almennt um 5-10% frá fyrra ári.

#### **Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2011:**

Áætlunin er lögð fram með 5,2 millj. kr. tekjuafgangi af rekstri Aðalsjóðs en 24,7 milljóna kr. halla af rekstri A-hluta samstæðunnar.

Áætlað er að Fráveita og Hitaveita skili rekstarafgangi en að önnur B-hluta fyrirtæki séu rekin með halla.

Rekstarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði er neikvæð um 11,7 millj. kr. en heildarniðurstaða samstæðunnar er neikvæð um 59,7 millj. kr.

Tekjur A-hluta eru áætlaðar 807,5 millj. kr. en gjöld 827,3 millj. kr.

Tekjur samstæðunnar eru áætlaðar 925 millj. kr. en gjöld 936,8 millj. kr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir 47,9 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri til greiðslu afborgana lána og til fjárfestinga er kr. 32,4 millj. kr.

Gert er ráð fyrir nýjum lántökum að upphæð kr. 50,0 millj. kr. og afborgunum lána að fjárhæð 68,8 millj. kr.

Handbært fé í árslok er áætlað 3,2 millj. kr.

Bókun fulltrúa B-listans við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2011. Við undirrituð sitjum hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2011. Vísun til bókar okkar við fyrri umræðu varðandi akstur á Íþróttæfingar og tónlistarskóla utan daglegs starfstíma grunnskóla. Þá skal það jafnframt tekið fram að við hefðum kosið að sveitarfélagið beitti sér fyrir atvinnuskapandi uppbyggingu í ríkara mæli. Eignfærð fjárfesting 2009 var 55 millj., 2010 áætluð 48 millj., nú er áætlað 21,5 millj. 2011. Á samdráttartímum er mikilvægt að hið opinbera/sveitarfélagið örvi atvinnulífið svo sem kostur er, og skapa þannig veltu í samfélaginu og útsvarstekjur til sveitarfélagsins. Fulltrúar B-lista Framsóknarflokks munu hér eftir sem hingað til sýna ábyrgð er varðar fjármál sveitarfélagsins. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, hefur staðfest góða stöðu Húnaþings vestra í lok árs 2009.

Elín R. Líndal, Ragnar Smári Helgason.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra þakkar starfsmönnum sveitarfélagsins vel unnin störf á árinu sem er að líða og óskar íbúum sveitarfélagsins gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 16:25

\_\_\_\_\_  
Leó Örn Þorleifsson

\_\_\_\_\_  
Stefán Einar Böðvarsson

\_\_\_\_\_  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg

\_\_\_\_\_  
Ragnar Smári Helgason

\_\_\_\_\_  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

\_\_\_\_\_  
Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

\_\_\_\_\_  
Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

\_\_\_\_\_  
Elín R. Líndal